

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

24. nóvember 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Af viðburðum síðustu vikna ber helst að nefna að námsmatsvikunni er lokið og í kjölfarið á henni voru svo foreldraviðtöl.

Endurskinsmerki

Nú er svartasta skammdegið runnið upp og viljum við því minna á nauðsyn þess að nemendur beri endurskinsmerki til að auka öryggi þeirra í umferðinni.

Hlé á sundkennslu 30. nóvember

Frá og með mánudeginum 30. nóvember verða allir sundtímar að íþróttatímum inni í Höfðaborg. Sundkennsla hefst að nýju þegar líður að vori og fá foreldrar tilkynningu um það þegar þar að kemur.

Jólaról

Við látum hér fylgja nokkrar dagsetningar á jólaundirbúningi hjá okkur.

Skólinn skreyttur 1. desember

Þriðjudaginn 1. desember eftir hádegi munu nemendur skólans skreyta skólastofur sínar og skólann.

Jólakaffihús og jólamarkaður 3. desember

Jólakaffihús 9. bekkjar Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi verður haldið fimmtudagskvöldið 3. desember í Höfðaborg milli kl.19:30 – 21:30 og verða þar alls kyns kræsingar á boðstólum. Hægt verður að leigja borð fyrir söluhorn og basar. Tekið verður á móti borðapöntunum fyrir jólamarkaðinn daglega eftir kl.17:00 í síma 696-3869 (Jóhanna) eða í netfangið johanna@gsh.is. Hvert borð kostar 1000 kr.

Aðrar dagsetningar

- Jólaföndur 10. desember
- Jólavakan 16. desember
- Litlu jólin 18. desember
- Jólafrí 19. desember

Þessum viðburðum verða gerð betri skil síðar.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi